

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Höfðahrepps, nr. 887/1999.

1. gr.

1. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:
Hreppsnefnd Höfðahrepps er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

1. mgr. 7. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:
Hreppsnefnd heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði. Heimilt er að fella niður fundi í sveitarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

3. gr.

Við lok 1. mgr. 23. gr. samþykktarinnar bætast orðin: sbr. 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

4. gr.

51. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:
Hreppsnefnd kýs til fjögurra ára fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Atvinnu- og ferðamálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin fjallar um atvinnu- og ferðamál á Skagaströnd og skal móta stefnu í þeim málaflokki og forgangsraða aðgerðum sem nefndin telur brýnastar á hverjum tíma. Einnig skal nefndin hafa yfirsýn yfir atvinnumál á Skagaströnd, fylgjast með þróun, stöðu og horfum í atvinnumálum sveitarfélagsins og taka þátt í umræðu um atvinnumál af hálfu sveitarfélagsins og stuðla að atvinnuuppbyggingu og nýsköpun á Skagaströnd. Enn fremur skal nefndin greina leiðir til þess að efla atvinnulíf á svæðinu og skal í því skyni hafa náið samstarf við fyrirtæki og stofnanir sem hafa með atvinnumál að gera svo og við mennta- og rannsóknarstofnanir.
2. *Skipulags- og byggingarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin fer með skipulags- og byggingamál skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 og umferðamál skv. umferðarlögum nr. 50/1987. Nefndin fer einnig með málefni sem varða náttúruverndarlög nr. 44/1999 og heilbrigðismál skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
3. *Fræðslunefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin fer með hlutverk skólanefndar og verkefni grunnskóla skv. lögum um grunnskóla nr. 66/1995, verkefni leikskóla skv. lögum um leikskóla nr. 78/1974. Nefndin fer með verkefni fullorðinsfræðslu og hefur samstarf við Farskóla NI.-vestra. Hún fjallar um endurmenntun starfsmanna sveitarfélagsins og málefni Námsstofu Skagastrandar. Hún fjallar um verkefni framhaldsskóla skv. ákvæðum framhaldsskólalaga nr. 80/1996.
4. *Hafnarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin fer með hafnarmál skv. hafnalögum nr. 61/2003 og hafnarreglugerð fyrir Skagastrandarhöfn. Hún fjallar einnig um samgöngumál almennt í sveitarfélaginu.

5. *Tómstunda- og menningarmálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin fer með íþrótta- og æskulýðsmál svo og tómstundamál allra aldursflokka í sveitarfélaginu eftir því sem við á. Hún hefur samstarf við félagsmála- og lög- regluyfirvöld í sveitarfélaginu um forvarnarmál. Hún fer með verkefni jafnréttisnefndar skv. lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000. Nefndin fer einnig með menningarmál og skal hafa forgöngu um menningaratburði í sveitarfélaginu, þ.m.t. að vera framkvæmdanefnd fyrir fjölskylduhátíðir eða aðra sambærilega atburði sem sveitarfélagið stendur fyrir. Nefndin hefur það hlutverk að úthluta úr menningarsjóði sveitarfélagsins skv. erindisbréfi sem sveitarstjórn setur.
6. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar, alþingiskosningar og forsetakosningar*. Þrjú aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, skv. 10. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og skv. 2. gr. laga um framboð og kjör forseta Íslands nr. 36/1945.
7. *Héraðsnefnd*. Þrjú aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 4. gr. sammings um héraðsnefnd A-Hún.
8. *Stjórn Félagsþjónustu A-Hún*. Þrjú aðalmenn og jafnmarga til vara í stjórn Félagsþjónustu A-Hún skv. samþykktum Byggðasamlags um Félagsþjónustu A-Hún og 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
9. *Skóðunarmenn*. Tvo aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
10. *Fulltrúa á ársþing SSNV*. Einn fulltrúa og einn til vara.
11. *Fulltrúa á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Einn fulltrúa og einn til vara.
12. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalman og annan til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.

Aðrar nefndir til að vinna að einstökum öðrum verkefnum.

Hlutverk húsnæðisnefndar er falið hreppsnefnd til umsjónar.

Hlutverk barnaverndarnefndar, félagsmálaráðs og áfengisvararnefndar er falið Félagsþjónustu A-Hún. með sérstökum samningi um byggðasamlag.

Á vettvangi héraðsnefndar A-Hún. eru kosnir fulltrúar í eftirtaldar nefndir og ráð: Gróðurverndarnefnd, náttúruverndarnefnd, heilbrigðisnefnd, skólanefnd Fjölbrautarskóla Nl-vestra, skólanefnd tónlistarskóla og öldrunarnefnd.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Höfðahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 20. júlí 2006.

F. h. r.

Sesselja Árnadóttir.

Stefanía Traustadóttir.